

Skrifstofa Alþingis – nefndasvið
b.t. velferðarnefndar
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Sent í tölvupósti
Reykjavík, 29. apríl 2021

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974 (iðnaðarhampur), 644. mál

Vísað er til umsagnarbeiðni í tölvupósti frá nefndasviði Alþingis, dags. 15. apríl sl., þar sem óskað var umsagnar Bændasamtaka Íslands um ofangreint mál. Bændasamtökin hafa farið yfir efni frumvarpsins og vilja koma eftirfarandi á framfæri.

I. Um frumvarpið

Í apríl 2020 veitti heilbrigðisráðherra undanþáguheimild með breytingu á reglugerð nr. 233/2001 sem gerði innflutning, meðferð og vörslu fræja til ræktunar iðnaðarhamps mögulega. Heimildin er háð skilyrðum og takmörkunum svo tryggt sé að ekki verði fluttar inn eða ræktaðar plöntur sem innihalda THC í nýtanlegu magni, eða að hámarki 0,2%. Í júlí sama ár skipaði ráðherra starfshóp til að yfirfara lög um ávana- og fíkniefni og gera drög að lagafrumvarpi þar sem kveðið yrði á um skýrari grundvöll og ábyrgð stofnana sem þurfa að koma að framkvæmd þegar kemur að leyfisveitingum og eftirliti með ræktun iðnaðarhamps. Frumvarp þetta er afurð starfshóps sem heilbrigðisráðherra. Frumvarpið felur í sér nýtt ákvæði sem gerir ráð fyrir að ráðherra landbúnaðarmála setji reglugerð sem kveður á um veitingu leyfis til innflutnings og skal þar meðal annars koma fram nánari skilyrði og takmarkanir á innflutningi, meðferð og vörslu þeirra fræja sem frumvarpið nær til.

II. Athugasemdir um efni frumvarpsins

Með frumvarpinu er lagt til að þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. 2. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 verði Matvælastofnun heimilt að leyfa innflutning á fræjum af tegundinni Cannabis Sativa, að uppfylltum skilyrðum í reglugerð sem ráðherra landbúnaðarmála setur. Aukin ræktun iðnaðarhamps með fræjum af tegundinni Cannabis Sativa eykur möguleika til verðmæta- og nýsköpunar í innlendri framleiðslu matvæla og fleiri afurða. Þá hefur ræktun iðnaðarhamps verið undir styrkjakerfi Evrópusambandsins í landbúnaði í rúm 20 ár, enda sé innihald virka efnisins THC undir 0,2%.

Í dag eru hamptrefjar notaðar í textíl, reipi, skófátnað, gólfjalir og yfirbyggingar á bílum og kjötið innan úr stönglunum er notað í einangrun bifreiða, flugvéla, í steypu til húsbygginga, undirburð undir skepnur og fleira. Á síðasta ári voru flutt inn til landsins um 650 kíló af fræjum og var iðnaðarhampur ræktaður á um 32,5 ha hér á landi sumarið 2020. Það er því ljóst að hampurinn getur vaxið hér á landi og full ástæða er til að halda ræktun áfram. Bændasamtökin styðja því framkomið frumvarp en telja að tilefni hefði verið til þess að ganga lengra.

III. Þróunaráætlun og tilraunaverkefni Dana

Fyrir þinginu hefur verið lögð fram tillaga til þingsályktunar um sérstaka þróunaráætlun og tilraunaverkefni fyrir ræktun lyfjahamps og notkun kannabislyfja í lækningaskyni, 596. mál. Þar er efnislega gerð grein fyrir þeim möguleikum sem Danir hafa ákveðið að heimila tímabundið til tilraunar og liggja í þróun og rannsóknum efna úr hampjurtinni í lækningaskyni. Samtökin telja að tilefni sé til þess að skoða einnig þau tækifæri sem liggja í ræktun lyfjahamps (*Cannabis Indica*) til kannabisræktunar og til framleiðslu og dreifingu á kannabislyfjum í lækningaskyni og fara þess á leit að nefndin leiti umsagnar atvinnuveganefndar Alþingis um framkomið frumvarp heilbrigðisráðherra.

Að því sögðu eru fulltrúar Bændasamtakanna reiðubúnir til að koma á fund nefndarinnar til frekari umræðu og skoðanaskipta.

Virðingarfyllst,
f.h. Bændasamtaka Íslands

Guðrún Vaka Steingrímsdóttir